

7. maí 1977.

37

Nr. 10.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 119 27. des. 1976, um breyting á lögum nr. 77 23. des. 1975,
um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 20 5. maí 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirgreind tollskrárnúmer í 1. gr. laganna skulu falla brott:
08.04.29, 39.11.40, 84.19.20 og 92.11.00.

2. gr.

Eftirgreindum tollskrárnúmerum skal bætt við upptalningu tollskrárnúmera í 1. gr. laganna:
08.04.22, 18.06.04, 18.06.05, 18.06.06, 38.11.40, 39.03.14, 39.03.35, 39.03.55, 39.03.83, 42.05.09, 84.19.21, 85.19.18 og 92.11.10.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra, svo og ákvæði laga nr. 20 5. maí 1976 og laga nr. 119 27. desember 1976, inn í meginmál laga nr. 77 23. desember 1975 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi innflytjandi fyrir gildistöku laga þessara afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd án greiðslu hins sérstaka vörugjalds skv. 1. gr., enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað innan 10 daga frá gildistöku laganna.

Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, án hins sérstaka vörugjalds, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað innan eins mánaðar frá gildistöku laganna.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.